

9. Stoðþjónusta

9.1 Samstarf við sérfræðiþjónustu

Samstarf við þjónustumiðstöð. Ölduselsskóli fellur undir svæði þjónustumiðstöðvar Breiðholts og sækir þangað sálfræðiþjónustu og kennslufræðilega ráðgjöf. Aðilar frá þjónustumiðstöð sitja nemendaverndarráðsfund vikulega. Einnig er samstarf við unglingaráðgjafa á þjónustumiðstöðinni. Félagsráðgjafar, sérkennsluráðgjafi eða sálfræðingur sitja teymisfundi með starfsfólki skóla vegna einstakra nemenda ef þörf krefur. Talmeinafræðingur þjónustumiðstöðvar vinnur með starfsfólki skólans varðandi nemendur sem eru með málþroskaraskanir.

Samstarf við Barnavernd Reykjavíkur. Ölduselsskóli á í samstarfi við Barnavernd um þá nemendur skólans sem eru með sín málefni í vinnslu þar þegar við á. Þegar óttast er um velferð nemenda skólans vegna slæmra félagslegra aðstæðna eða vímuefnaneyslu ber skólanum að tilkynna slík mál til Barnaverndar. Skólanum er skylt að gefa upplýsingar um hagi nemenda til Barnaverndar sé þess óskað. Í samstarfi við Barnavernd er reynt að finna lausnir í málefnum nemenda hvað varðar skólaúrræði.

Samstarf við Brúarskóla/Brúarsel. Ölduselsskóli á í samstarfi við Brúarskóla ef einstaka nemendum skólans hefur verið vísað í það úrræði. Nemendum sem vísað er í Brúarskóla eiga í alvarlegum geðrænum-, hegðunar eða félagslegum erfiðleikum. Ölduselsskóli sækir einnig ráðgjöf í Brúarskóla um lausnir fyrir nemendur sínar sem eiga í slíkum vanda.

Samstarf við Skólaselið Keilufelli: Ölduselsskóli á í samstarfi við Skólaselið Keilufell um nemendur sem skólinn á í erfiðleikum með að koma til móts við. Tilgangurinn með Skólaselinu er að finna lausn á vanda nemenda ef skólanum í samráði við forráðamenn og þjónustumiðstöð hefur ekki tekist og þjónustumiðstöð. Einnig er markmið starfsins í Skólaselinu í Keilufelli að aðstoða skólann við að veita þeim nemendum sem eiga í miklum hegðunar- og tilfinningalegum erfiðleikum, þverfaglega þjónustu. Miða skal við að hver nemandi sé aldrei lengur en í þrjár vikur í selinu.

Samstarf við Barna og unglिंगageðdeild (BUGL). Ölduselsskóli á í samstarfi við Barna og unglिंगageðdeild með þá nemendur sem þar sækja þjónustu. Skólinn veitir upplýsingar til BUGL og Starfsmenn skólans sækja fundi á BUGL vegna einstakra nemenda þegar eftir því er leitað.

9.2 Sérstakur stuðningur við nemendur

Umsjónarkennari hvers bekkjar ber ábyrgð á námi og námsframvindu nemenda sinna og honum ber að leita eftir viðunandi þjónustu fyrir þá. Staða nemenda frá 1. bekk til 10. bekkjar er könnuð með reglubundnum skimunum til að meta sérkennsluþörfina í hverjum árgangi. Á grundvelli skimana og prófa sjá kennarar, með aðstoð þroskaþjálfara og deildarstjóra sérkennslu, um að útbúa einstaklingsnámskrár fyrir þá nemendur sem fylgja ekki bekkjarnámskrá viðkomandi bekkja.

Nemendur eru ólíkir og tileinka sér því nám á mismunandi hátt og þurfa til þess mislangan tíma.

Meginstefna Ölduselsskóla er að kenna nemendum í misstórum námshópum eða í bekkjum. Námslegar þarfir einstakra nemenda geta þó verið þess eðlis að þörf sé á einstaklingskennslu eða kennslu í litlum hópi um lengri eða skemmri tíma. Að jafnaði hefur hver árgangur á yngsta stigi og miðstigi skólans yfir að ráða stuðningsfulltrúa, þroskaþjálfara eða viðbótarkennara til að auðveldara sé að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Lögð er áhersla á samstarf og samábyrgð allra sem tengjast hverjum nemanda.

Auk stuðnings í bóklegu námi fá nokkrir nemendur sem eru með tilfinninga- og/eða hegðunarerfiðleika, aukatíma í myndlist hjá verk- og listgreinakennara. Um er að ræða mjög litla hópa, þrír til sex saman í hópi einu sinni í viku. Markmiðið er að reyna að bæta líðan þeirra með því að leyfa þeim að vinna við rólegar aðstæður að verkefnum sem þeir eiga auðvelt með að vinna og hafa ánægju af.

Á unglíngastigi starfa auk umsjónarkennara og fagkennara, tveir sérkennarar. Sérkennararnir sinna þeim nemendum sem þurfa á miklum stuðningi að halda. Stuðningurinn fer fram ýmist inni í bekk hjá viðkomandi fagkennara eða í litlum hópum í námsveri. Einstaka nemendur á unglíngastigi þurfa á stuðningi að halda í styttri eða lengri tíma í ákveðnum námsgreinum til að ná betri tókum á námi sínu. Kennarar á unglíngastigi veita þessum nemendum aukatíma utan stundatöflu eftir þörfum.

Árlega er sótt um atvinnutengt nám fyrir nokkra nemendur á unglíngastigi. Lögð er áhersla á að nemendur sem erfitt eiga uppdráttar í hefðbundnu bóknámi en eru vinnu- og samviskusamir í þeim verkefnum sem þeir ráða við geti skráð sig í atvinnutengt nám.

9.3 Námsver

Í skólanum er starfrækt lítið námsver á unglíngastigi. Í námsverinu starfa tveir kennarar og er samvinna milli þeirra og annarra kennara á unglíngastigi og deildarstjóra sérkennslu um vinnu með nemendur sem eiga mjög erfitt uppdráttar í námi sínu. Nemendur sem koma í námsverið fá aðstoð við þær námsgreinar sem þeir eiga erfiðast með en fylgja bekkjum sínum eins og kostur er í öðrum greinum. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þá nemendur sem fylgja ekki bekkjarnámskrám í einstökum námsgreinum.

9.4 Heildaráætlun um stuðning í námi og kennslu

Ölduselsskóla júní 2015

Heildaráætlun um stuðning við nemendur vegna hegðunar, tilfinningalegra og félagslegra örðugleika, málþroskaraskana og tvítýngi (skammstafað h.t.f.m. og t. í textanum hér að neðan) í Ölduselsskóla skólaárið 2015-2016.

Hér er um að ræða nemendur sem ekki hafa fengið sérstakar viðbótarúthlutanir.

Skóli: Ölduselsskóli

Skólaár: 2015-2016

Stefna Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar frá 2012 um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur grunnskóla er höfð að leiðarljósi í starfi Ölduselsskóla. Í Ölduselsskóla ríkja þau viðhorf að allir nemendur geti lært, náð bestu mögulegu framförum í námi og að hver nemandi upplifi árangur í námi sínu. Ennfremur er lögð áhersla á rétt hvers nemanda til jákvæðs námsumhverfis og að allir nemendur upplifi öryggi, vellíðan og viðurkenningu. Til þess að svo megi vera er sífellt unnið að því að hámarka úrræði og leita nýrra leiða sem styðja við nám og virka þátttöku allra nemenda.

Nemendur:

Áætlað er að heildarfjöldi nemenda með h.t.f.m. og t. sem munu fá stuðning á skólaárinu verði að minnsta kosti 82. Um er að ræða þá nemendur sem eru á skrá vegna stuðningsþarfa en eins og fram kemur síðar í þessari áætlun er ekki hægt að koma tölu á alla þá nemendur sem fá stuðning í lengri eða skemmri tíma við afmörkuð verkefni.

Fjöldi nemenda sem eru á skrá vegna stuðningsþarfa vegna vanda með h.t.f.m. og t. er eftirfarandi eftir aldurstigum:

Aldurstig	Fjöldi nemenda
1.-4.bekkur	30
5.-7.bekkur	25
8.-10.bekkur	27

Skipting nemenda, sem þurfa stuðning, eftir erfiðleikum (í sumum tilfellum getur sami nemandi fallið í fleiri en einn flokk):

Tegund vanda	Fjöldi nemenda
Hegðunarvandi (ADHD, ADD eða annað)	49
Kvíði	12
Félagslegur-og/eða tilfinningalegur vandi	6
Málþroskaröskun	31
Slök greind (sem hafa fengið greiningu en ekki viðbótarúthlutun)	5
Tvítýngi (af um 80 tvítýngdum nemendum skólans fá 8 nýbúaúthlutun)	58
Kodabarn (heyrandi nemandi sem á heyrnarlausu foreldra)	1

Einstaklingsmánskrár:

Einstaklingsnámskrár nemenda tengjast bekkjarnámskrám eins og unnt er. Í flestum tilvikum er námsefni bekkjarnámskráa einfaldað og aðlagð nemendum. Stundum er um að ræða einstaklingsnámskrá í einu til þremur fögum en í öðrum fögum fylgi nemandi bekkjarnámskrá. Í einstaka tilfellum eru nemendur með skerta bekkjarnámskrá t.d. undanþegin dönsku.

Fjöldi nemenda með h.t.f.m. og t. sem gert er ráð fyrir að fái einstaklingsnámskrár:

Tegund einstaklingsnámskráa	Fjöldi nemenda
Einstaklingsnámskrá vegna námslegra þátta	17
Einstaklingsnámskrá vegna félagslegra þátta	2
Einstaklingsnámskrá vegna hvoru tveggja	2

Einstaklingsnámskrár eru unnar af umsjónarkennurum, faggreinakennurum, sérkennurum, þroskaþjálfum eða öðrum kennurum sem koma að hverjum og einum nemanda eftir því sem við á. Deildarstjóri sérkennslu er ábyrgur fyrir að einstaklingsnámskrár séu gerðar.

Foreldrar nemenda fá tillögur að einstaklingsnámskrám til skoðunar og til að gera athugasemdir eða koma með tillögur að breytingum.

Umsjónarkennarar:

Umsjónarkennarar á yngsta og miðstigi skólans ásamt foreldrum axla ábyrgð á námi og skólagöngu allra nemenda sinna. Þeir ásamt deildarstjóra sérkennslu hafa yfirsýn yfir námsframvindu nemenda sem þurfa á stuðningi að halda. Enn fremur bera umsjónarkennarar ábyrgð á kennsluaðstæðum og kennsluaðferðum sem nemendum standa til boða.

Kennsla hvers árgangs byggist á samvinnu umsjónarkennara og þeirra stuðningsaðila sem koma að kennslu nemenda sem þurfa á stuðningi að halda sem og allra annarra nemenda.

Umsjónarkennarar árganga eru verkstjórar þeirra starfsmanna sem sinna stuðningi í hverjum árgangi.

Umsjónarkennarar sjá um gerð einstaklingsnámskráa nemenda í samvinnu við aðra kennara og/eða þá stuðningsaðila sem fylgja hverjum árgangi.

Á unglingastigi er ábyrgð á námi og skólagöngu nemenda í höndum umsjónarkennara ásamt foreldrum en þar er ábyrgðin einnig í höndum sérkennara sem vinna í námsveri á unglingastigi hvað varðar nemendur sem þurfa á stuðningi að halda.

Faggreinakennarar á unglingastigi ásamt sérkennurum sjá um gerð einstaklingsnámskráa fyrir þá nemendur sem víkja á einhvern hátt frá bekkjarnámskrám.

Umsjónarkennarar sitja alla teymisfundi sem boðað er til vegna nemenda sem þeir hafa umsjón með.

Sérkennarar, þroskaþjálfar og aðrir fagaðilar:

Sérkennarar, þroskaþjálfar, viðbótarkennarar og stuðningsfulltrúar taka þátt í undirbúningi að kennslu og þjálfun allra nemenda í þeim árgangögum sem þeir fylgja. Sérkennarar,

viðbótarkennarar og þroskaþjálfar koma að gerð einstaklingsnámskráa fyrir þá nemendur sem fylgja ekki bekkjarnámskrá hvað varðar námsefni eða þurfa á einstaklingsnámskrá að halda vegna félagslegra þátta.

Sérkennarar, viðbótarkennarar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar sitja alla teymisfundi sem boðað er til vegna nemenda í þeim árgangi sem þeir vinna í.

Deildarstjóri sérkennslu hefur yfirumsjón með starfi allra starfsmanna sem annast stuðning við nemendur og heldur reglulega fundi með þeim þar sem skoðað er hvernig til tekst og hvað betur megi fara.

Nýbúakennari sér um sérstaka kennslu í íslensku sem annað mál fyrir þá nemendur sem verst eru settir hvað íslenskuna varðar.

Námsráðgjafi skólans kemur að málum nemenda þegar eftir því er óskað. Hann aðstoðar t.d. þegar upp koma erfiðleikar í tengslum við félagsleg samskipti eða annað sem snertir líðan nemenda. Hann heldur utan um atvinnutengt nám sem í boði er fyrir nemendur í 9. og 10. bekk sem gengur mjög illa að fóta sig í bóklegu námi. Námsráðgjafi situr teymisfundi vegna nemenda ef eftir því er óskað.

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi aðgang að hjúkrunarfræðingi skólans ef á þarf að halda. Hann situr teymisfundi vegna nemenda ef eftir því er óskað.

a. Stuðningur við nemendur í almennu skólastarfi – í almennum bekk

Aðlögun náms- og félagslegra aðstæðna og leiða í námi að þörfum nemenda.

Á yngsta- og miðstigi Ölduselsskóla er litið á hvern árgang sem eina heild þar sem umsjónarkennarar ásamt stuðningsaðilum vinna saman að skipulagi og kennslu allra nemenda. Hver árgangur hefur yfir að ráða einum til þrem viðbótarstarfsmönnum auk umsjónarkennara. Viðbótarstarfsmaðurinn getur verið stuðningsfulltrúi, þroskaþjálfari, sérkennari eða viðbótarkennari. Þetta er viðhaft til að auðveldara sé að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Skipulag kennsluáðstæðna er yfirleitt á þann veg að árgöngum er skipt upp í fámenna hópa þar sem hver og einn nemandi fær þann stuðning sem hann þarf á að halda í hverju fagi fyrir sig. Hópavinna, paravinna eða stöðvavinna er algengt skipulag þar sem markmiðið er að hver nemandi fái notið sín sem best. Sjónrænar vísbendingar svo sem sjónrænar stundatöflur eða sjónrænar leiðbeiningar um vinnu verkefna eru fastur hluti af kennsluáðstæðum í flestum árgöngum og nýttast öllum nemendum. Í sumum tilfellum þurfa nemendur einstaklingsmiðaðar sjónrænar vísbendingar og er þess gætt að þeir sem á því þurfa að halda fái þær.

Lögð er áhersla á að allir nemendur Ölduselsskóla sem þurfa á einhverjum stuðningi að halda fái hann inni í bekkjarstofum. Í einstaka tilfellum er nauðsynlegt að vinna einstaklingslega eða í mjög fámönnum hópum með nemendur í sér rými þegar um er að ræða þjálfun sem kallar á meira næði en gefst í bekkjarrýmum eða þegar þjálfar þarf sérstaklega þætti sem almennt eru ekki teknir fyrir hjá öllum jafnaldráhópnum. Í langflestum tilfellum er slíkt rými innan svæða bekkjarstofa en námsver á unglíngastigi er sérstök stofa sem ekki er inni á svæði faggreinastofa á unglíngastigi.

Í unglíngadeild er gert ráð fyrir að tveir sérkennarar annist sérkennslu og/eða stuðningi við þá nemendur sem á þurfa að halda. Stuðningurinn fer fram ýmist inni í bekkjarstofum eða í litlum hópum í námsveri.

Mikil áhersla er lögð á fjölbreyttar verk- og listgreinar fyrir nemendur í Ölduselsskóla.

Um það bil þriðjungur námsins í unglingadeildum byggist á valgreinum þar sem vægi verk- og listgreina er mikið. Nemendur sem eiga í erfiðleikum með bóklegt nám hafa þá tök á að velja sér verklegar greinar í stað bóklegra.

Gert er ráð fyrir að nokkrir nemendur sem eru með fatlanir, tilfinninga- og/eða hegðunarerfiðleika fái aukatíma í myndlist hjá verk- og listgreinakennara. Um er að ræða mjög litla hópa þriggja til sex nemenda. Þetta úrræði hefur staðið til boða í nokkur ár en markmiðið með því er að reyna að bæta líðan nemenda og jafnframt að þeir fái þjálfun í sköpun og verklegri færni.

Á vegum Þjónustumiðstöðvar Breiðholts er kvíðaskimun lögð fyrir nemendur í 9. bekk á hverju skólaári. Þeim nemendum sem ná viðmiðum varðandi kvíða og/eða depurð er boðið að taka þátt í HAM námskeiðum sem haldin eru á vegum Þjónustumiðstöðvarinnar.

Í Ölduselsskóla er áhersla lögð á að nýta tölvutækni í náminu. Borðtölvur, fartölvur og spjaldtölvur eru góð hjálpartæki fyrir nemendur með sérþarfir af ýmsu tagi og nýtast vel þegar kemur að sérhæfðri þjálfun t.d. í lestri, ritun og stærðfræði.

Áætlað er að fjöldi nemenda sem þurfa sérstaka aðlögun aðstæðna og/eða leiða í almennum bekk eftir aldursstigum verði eftirfarandi á skólaárinu 2015-2016:

Aldursstig	Fjöldi nemenda
1.-4. bekkur	19
5.-7. bekkur	9
8.-10. bekkur	11

Aðlögun námsefnis.

Einstaklingsmiðað nám er haft að leiðarljósi í Ölduselsskóla sem og hugmyndafræði skóla án aðgreiningar. Leitast er við að hafa sveigjanlegt skólastarf og fjölbreytta kennsluhætti til að koma sem best til móts við þarfir allra nemenda. Einnig er leitast við að aðlaga námsefni að færni og getu nemenda og jafnframt farnar fjölbreyttar leiðir við mat á námsárangri.

Námsefni og námsmat er aðlagað að öllum nemendum sem víkja frá bekkjarnámskrám og sjá umsjónarkennarar, faggreinakennarar og sérkennarar um gerð einstaklingsnámskráa þegar um slíkt er að ræða.

Til að meta þörf fyrir sérstakan stuðning eða sérkennslu er hliðsjón höfð af þeim greiningum sem fyrir liggja vegna viðkomandi nemenda. Einnig eru ýmsar skimanir lagðar reglubundið fyrir alla árganga skólans til að meta stöðu nemenda og þörf fyrir stuðning eða sérkennslu. Eins og fram kemur í *Aðalnámskrá grunnskóla*, almenna hlutanum frá 2011 (bls.58):.... *geta stöðluð próf og skimanir spáð fyrir um hugsanlega námsörðugleika. Hægt er að greina erfiðleika snemma á skólagöngunni og auka líkur á að hægt verði að ráða bót á með því að veita inngríp í formi skipulegra aðgerða.* Á þetta við um fatlaða nemendur sem og aðra.

Niðurstöður úr skimunum og stöðluðum prófum eru ræddar af viðkomandi kennurum, stuðningsfólki, deildarstjóra sérkennslu og aðstoðarskólastjóra. Skipulag kennslu og stuðnings í hverjum árgangi tekur m.a. mið af niðurstöðunum enn fremur aðlögun námsefnis og leiðir í námi. Upplýsingum um niðurstöður einstakra nemenda er komið á framfæri við foreldra á fundum eða í foreldraviðtölum.

Eins og fyrr segir fá nemendur einstaklingsnámskrá ef þeir víkja umtalsvert frá bekkjarnámskrá. Í sumum tilfellum er námsefni bekkjarins í einstökum greinum einfaldað og aðlagað viðkomandi

nemanda. Í sumum tilfellum er útvegað annað námsefni sem hentar viðkomandi nemanda betur miðað við þroskastöðu, getu og færni.

Umsjónarkennari ber ábyrgð á námi og námsframvindu nemenda sinna og honum ber að leita eftir viðunandi þjónustu fyrir þá.

Skimanir og stöðluð eða samræmd próf, sem m.a. eru lögð til grundvallar þegar stuðningsþörf nemenda í Ölduselsskóla er metin eru eftirfarandi:

- **Hljóm** (lagt fyrir í leikskóla)
- **Tove Krogh** teiknipróf – 1.bekk
- **BOEHM** hugtakapróf – 1.bekk
- **LÆSI**-lestrarskimun (5 próf) – 1. og 2.bekk
- **Lesmál** mat á lestri og réttiritun 2.bekkur
- **Talnalykill** stærðfræðiskimun – 3.bekkur
- **LH60** lestrarhæfnipróf – 3.bekkur
- **Orðarún** mat á lesskilningi lagt fyrir 3., 4. og 8.bekk að hausti og vori
- **Aston Index** stafsetning – 2.,3.,4.,6. og 7.bekkur
- **GRP10** greinandi ritmálspróf fyrir 10 ára nemendur - stafsetning – 5.bekkur
- **LH40** lestrarhæfnipróf – 5.bekkur
- **GRP14h** greinandi ritmálspróf fyrir 14 ára nemendur – 9.bekkur
- **Samræmd könnunarpróf** íslenska og stærðfræði – 4. og 7.bekkur
- **Samræmd könnunarpróf** íslenska, stærðfræði og enska – 10.bekkur

Til að meta málþroska einstakra nemenda er lagt fyrir þá málþroskaprófið **TOLD-2P** eða **TOLD-2I**. Þegar niðurstöður liggja fyrir er gerð áætlun um aðgerðir eða hugsanlegan stuðning til að efla málþroska ef þörf krefur.

Ef grunur er um að nemandi sé með dyslexíu (lesblindu) er **LOGOS lestrargreiningarprófið** lagt fyrir viðkomandi til að meta það. Í kjölfarið er gerð áætlun um sérstakan stuðnings fyrir þá nemendur sem greinast með dyslexíu ásamt tillögum fyrir foreldra um lestrarþjálfun heima.

Áætlað er að fjöldi nemenda sem þurfa aðlagð námsefni eftir aldurstigum skólaárið 2014-2015 verði:

Aldurstig	Fjöldi nemenda
1.-4.bekkur	10
5.-7.bekkur	3
8.-10.bekkur	8

Námsstuðningur inni í bekk.

Ekki er unnt að tilgreina heildarfjölda nemenda sem fá námsstuðning inni í bekkjum. Þeir viðbótarstarfsmenn sem fylgja árgöngum nýtast öllum nemendum og reynt er að veita öllum þann stuðning sem þeir þurfa á að halda. Þörf fyrir námsstuðning getur verið misjöfn hjá hverjum nemanda eftir námsgreinum eða námsefni sem unnið er með hverju sinni.

Þeir sem sinna námsstuðningnum eru því bæði kennarar og stuðningsaðilar sem koma að hverjum árgangi.

Umsjónarkennarar og/eða faggreinakennarar, deildarstjóri sérkennslu ásamt þeim stuðningsaðilum sem fylgja hverjum árgangi vinna saman að skipulagi stuðningskennslunnar. Umsjónarkennarar og faggreinakennarar eru verkstjórar í bekkjastofum og bera ábyrgð á því að hver nemandi fái þann námsstuðning sem þörf er á hverju sinni.

Frá skólaárinu 2011-2012 hefur einn kennari skólans gegnt stöðu sérstaks verkefnastjóra í stærðfræði í 4.-7.bekk Ölduselsskóla. Gert er ráð fyrir áframhaldi á þessu skólaárið 2015-2016. Markmiðið er að mæta mismunandi þörfum nemenda í stærðfræði. Verkefnastjóri kemur inn í umrædda árganga sem viðbótarkennari í stærðfræði auk þess að hafa yfirumsjón með stærðfræðikennslunni í hverjum árgangi. Með þessu fyrirkomulagi er unnt að skipta árgöngum upp í minni einingar þannig að auðveldara er að koma til móts við þarfir allra nemenda.

Á skólaárinu 2015-2016 er áætlað að á miðstigi skólans (5.-7.bekk) komi einn viðbótarkennari, og þroskaþjálfari að sérkennslu og stuðning fyrir þá nemendur sem á þurfa að halda. Gert er ráð fyrir að viðbótarkennarinn sinni sérstakri lestrarþjálfun og kennslu í íslenskunámsefninu. Þroskaþjálfari kemur að félagsfærniþjálfun ásamt stuðningi við nám nemenda eftir því sem þurfa þykir.

Félagslegur stuðningur og stuðningur til virkni og þátttöku í samvinnu og hópastarfi.

Til að fylgjast með félagslegri stöðu og samskiptum nemenda leggja kennarar tengslakannanir fyrir bekk og/eða árganga. Í ljósi niðurstaðna úr þeim eru gerðar áætlanir ef þörf krefur um það hvernig efla megi félagsleg tengsl nemenda. Enn fremur eru niðurstöður úr nemendakönnunum Skólapúlsins fyrir 6.-10.bekk, hvað varðar líðan og samskipti, skoðaðar til að meta stöðuna og gera umbótaáætlanir í þessum efnum.

Í Ölduselsskóla er lögð áhersla á tjáningu og framkomu nemenda. Leiklistarkennari er við skólann til að efla þann þátt skólastarfsins enn frekar. Í unglingadeild er leiklist ein valgrein og hefur nemendum gefist kostur á þátttöku í uppsetningum á söngleikjum þar sem fram fer samþætting leik- og tónlistarkennslu. Gert er ráð fyrir að svo verði áfram skólaárið 2015-2016. Enn fremur hefur nemendum sem leika á hljóðfæri gefist kostur á að vera í samspili undir handleiðslu tónmenntakennara skólans.

Ölduselsskóli er Olweusarskóli og því er starfað samkvæmt ákveðnum ferlum hvað varðar einelti.

Bekkjargundir á yngri stigum og lífsleiknitímar á unglingastigi eru fastir á stundatöflum og markvisst unnið með samskipti og félagsfærni nemenda til að fyrirbyggja einelti og efla félagsþroska. Ennfremur er unnið með *Stig af stigi* námsefnið á yngri aldurstigum skólans. Félagsfærnisögur eru liður í félagsfærniþjálfun nemenda og eru þær notaðar fyrir þá nemendur sem illa gengur að fóta sig í félagslegum samskiptum.

Til að stuðla að bættum félagslegum samskiptum nemenda á yngsta stigi taka nemendur í 7.bekk þátt í verkefninu *Skólavinir*. En þá eru sex nemendur (*skólavinir*) úr árganginum úti í frímínútum í einu á leiksvæði 1. og 2.bekkjara. Þeir vinna saman tveir og tveir og hlutverk þeirra er að taka þátt í og stjórna leikjum nemenda í frímínútum og fá sem flesta með. Að ganga um lóð skólans og spjalla við nemendur sem virðast afskiptir og einmana og að láta starfsfólk á útivakt vita ef upp kemur ágreiningur eða vandamál meðal nemenda. Ef nemendur á yngri stigum þurfa á stuðningi í félagsfærni að halda fylgja stuðningsaðilar viðkomandi árganga þeim út í frímínútur til að hjálpa þeim við samskipti í leik. Að sama skapi fá nemendur sem þess þurfa stuðning við daglegar athafnir svo sem í matsal, búningasklefum eða þar sem þörf er á slíku.

Tveir kennarar Ölduselsskóla ásamt aðstoðarskólastjóra hafa lokið námskeiði í ART (Agression replacement training) sem kennir leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda og nýtur skólinn góðs af því þegar þarf að vinna með nemendur sem glíma við þennan vanda.

Gert er ráð fyrir að fjöldi nemenda sem þurfi félagslegan stuðning og stuðning til virkni og þátttöku

inni í bekk á skólaárinu 2015-2016, verði eftir aldurstigum:

Aldurstig	Fjöldi nemenda
1.-4.bekkur	10
5.-7.bekkur	1
8.-10.bekkur	3

a. Ráðgjafar- og stuðningsþjónusta í skólanum (Námsver/sérkennsluver)

Skipulag og starfshættir:

Í Ölduselsskóla er starfandi deildarstjóri sérkennslu í 100% stjórnunarstöðu. Samkvæmt stefnu Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum, frá október 2012, er það hlutverk deildarstjóra að hafa yfirsýn yfir alla stuðningskennslu fyrir nemendur skólans og vera til samráðs og ráðgjafar fyrir alla starfsmenn og foreldra varðandi þann málaflokk.

Það er enn fremur á höndum deildarstjóra sérkennslu í Ölduselsskóla að:

- Gera áætlun um heildarskipulag stuðnings- og þjónustu við nemendur í samvinnu við aðra skólastjórnendur og nemendaverndarráð.
- Vera ráðgjafandi um samstarf og teymisvinnu kennara og starfsfólks vegna námshópa þar sem eru nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda.
- Hafa umsjón og bera ábyrgð á teymum sem stofnuð eru vegna nemenda sem þurfa á stuðningi að halda. Enn fremur að boða til teymisfunda, sitja teymisfundi og skrá fundargerðir sem geymdar eru í persónumöppum viðkomandi nemenda.
- Fylgja því eftir að gerðar séu einstaklingsnámskrár og þær endurskoðaðar.
- Hafa umsjón með skipulagi og framkvæmd náms-, félags- og hegðunarlegs stuðnings við einstaka nemendur eða nemendahópa innan almenns námsumhverfis.
- Hafa umsjón með skipulagi og framkvæmd náms-, félags- og hegðunarlegs stuðnings við einstaka nemendur eða nemendahópa sem þurfa við ákveðnar aðstæður sérhæft umhverfi utan almenns námsumhverfis.
- Halda utan um sérhæfð kennslugögn og búnað.
- Hafa umsjón með skimunum og prófum sem lögð eru reglulega fyrir árganga, sjá um úrvinnslu úr þeim og koma niðurstöðum til skila.
- Leggja sérhæfð próf eða greiningar fyrir nemendur sem þess þurfa.

Aðrir fagaðilar sem gert er ráð fyrir að komi að kennslu nemenda með hegðunar-, tilfinningalega- og félagslega örðugleika, málproskaraskir og/eða tvítyngi skólaárið 2015-2016:

Starfsheiti	Starfshlutfall	Fjöldi
Þroskaþjálfari	100%	2
Stuðningsfulltrúi	75%	3
Sérkennari	100%	2
Viðbótarkennari	100%	2
Talkennari	17,1%	1
Nýbúakennari	50%	1

Sérkennsla:

Eins og áður hefur komið fram er ekki unnt að tilgreina heildarfjölda nemenda sem fá stuðning innan eða utan bekkja. Þeir viðbótarstarfsmenn sem fylgja árgöngum nýtast öllum nemendum og reynt er að veita öllum þann stuðning og þjónustu sem þeir þurfa á að halda. Þörf fyrir stuðning getur verið misjöfn hjá hverjum nemanda eftir námsgreinum eða námsefni sem unnið er með hverju sinni.

Þeir sem sinna stuðningnum eru því bæði kennarar og stuðningsaðilar sem koma að hverjum árgangi. Umsjónarkennarar og/eða faggreinakennarar, deildarstjóri sérkennslu ásamt þeim stuðningsaðilum sem fylgja hverjum árgangi vinna saman að skipulagi stuðningskennslunnar. Umsjónarkennarar og faggreinakennarar eru verkstjórar í bekkjastofum og bera ábyrgð á því að hver nemandi fái þann stuðning sem þörf er á hverju sinni.

Deildarstjóri sérkennslu í Ölduselsskóla er öllum starfsmönnum skólans til ráðgjafar vegna nemenda sem þurfa á stuðningi eða sérkennslu að halda. Hann hefur yfirumsjón með skimunum og stöðluðum prófum sem lögð eru fyrir nemendur. Hann fundar með starfsfólki hvers árgangs um niðurstöðurnar þar sem lagt er á ráðin varðandi skipulag stuðnings og sérkennslu innan árgangsins.

Hver árgangur á yngsta- og miðstigi skólans hefur yfir að ráða auk umsjónarkennara einn til þrjá viðbótarstarfsmenn: stuðningsfulltrúa, þroskaþjálfara, sérkennara og/eða viðbótarkennara og er lögð áhersla á samstarf og samábyrgð allra sem koma að kennslu og þjálfun allra nemenda árgangsins.

Í Ölduselsskóla er starfrækt námsver á unglíngastigi og er gert ráð fyrir að skólaárið 2015-2016 verði tveir kennarar starfandi þar, einn í fullri stöðu en hinir tveir í hlutastöðum. Sérkennslan fer fram ýmist inni í almennu námsumhverfi nemenda eða í námsveri í litlum hópum. Einstaka nemendur á unglíngastigi þurfa á stuðningi að halda í styttri eða lengri tíma í ákveðnum námsgreinum. Auk aðkomu sérkennara veita faggreinakennarar á unglíngastigi nemendum aukatíma utan stundatöflu eftir þörfum í tilteknum námsgreinum.

Talkennari er við skólann í 17,1% stöðuhlutfalli. Hann kemur einn dag hálfsmánaðarlega í skólann og sinnir nemendum sem eru með framburðargalla og einnig skimar hann alla nemendur 1. bekkjar að hausti vegna hugsanlegra framburðargalla.

Nýbúaver er starfrækt í Ölduselsskóla og er gert ráð fyrir að einn kennari starfi þar skólaárið 2015-2016 og sjái hann um kennslu í íslensku fyrir þá nemendur sem verst eru settir hvað varðar íslensku sem annað mál.

Skólaárið 2015-2016 er gert ráð fyrir að hefjist sérstakt átak til að efla læsi nemenda í leik- og grunnskólum í Breiðholti undir heitinu *Læsi allra mál*. Átak þetta er samvinnuverkefni allra skólanna í Breiðholti ásamt Þjónustumiðstöð Breiðholts.

Ráðgjöf:

Ásamt deildarstjóra sérkennslu í Ölduselsskóla er sérkennsluráðgjafi frá Þjónustumiðstöð Breiðholts ráðgefandi aðili varðandi kennsluaðstæður, kennsluaðferðir eða annað er varðar nemendur sem þurfa á stuðningi að halda vegna fötlunar, hegðunarvanda, félagslegra erfiðleika eða annars. Starfsfólk skólans getur sótt um að fá sérkennsluráðgjafa til að koma inn í bekk og fylgjast með nemendum í aðstæðum til að geta síðan fengið ráð varðandi málefni viðkomandi nemenda. Sérkennsluráðgjafi sér um eftirfylgd með hluta nemenda sem hafa fengið greiningar á vegum Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og situr teymisfundi sem boðað er til ef þess er óskað.

Námsráðgjafi skólans kemur að málum nemenda þegar eftir því er óskað. Hann aðstoðar nemendur með skipulagningu á námi sínu ef þeir þurfa á því að halda. Hann aðstoðar einnig þegar upp koma erfiðleikar í tengslum við félagsleg samskipti eða annað sem snertir líðan nemenda. Námsráðgjafi situr teymisfundi vegna einstakra nemenda sé þess óskað.

Talmeinafræðingur á vegum Þjónustumiðstöðvar Breiðholts er ráðgefandi aðili varðandi nemendur sem eru með málþroskaraskanir. Hann kemur í skólann og athugar nemendur ef þörf er á og vinnur með nemendur í afmarkaðan tíma til að geta síðan gefið kennurum og stuðningsaðilum ráð varðandi málörvun eða talþjálfun.

Sálfræðingar Þjónustumiðstöðvar Breiðholts sjá um greiningar á nemendum þegar þess er óskað. Þeir eru einnig ráðgefandi varðandi nám, kennslu og annað sem snertir nemendur. Kennarar og foreldrar geta óskað eftir aðkomu þeirra að málum einstakra nemenda. Þeir sitja teymisfundi vegna nemenda ef eftir því er óskað.

Ölduselsskóli er í samstarfi við ýmsa aðra ráðgjafa og sérfræðinga utan skólans og má þar nefna: Sjónarhól, Skólaselið Keilufelli, Brúarskóla, Brúarsel, Klettaskóla, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, BUGL og Barnavernd Reykjavíkur. Starfsfólk Ölduselsskóla situr fundi sem boðað er til vegna einstakra nemenda á þessum stofnunum.

Teymi og samstarf:

Gert er ráð fyrir að á skólaárinu 2015-2016 verði fjöldi teyma og teymisfunda vegna nemenda með h.t.f.m. og t. eftirfarandi:

Fjöldi teyma	30
Fjöldi teymisfunda	70

Teymisfundir vegna nemenda sem glíma við hegðunar-, tilfinningalega- og/eða félagslega örðugleika, málþroskaraskanir eða erfiðleika vegna tvítýngi voru á skólaárinu 2014-2015 alls 68. Mismunandi er hversu oft teymisfundir eru haldnir vegna hvers nemanda yfir skólaárið.

Teymisfundi sitja auk foreldra eða forráðamanna viðkomandi nemenda: umsjónarkennari, stuðningsaðili og aðrir kennarar árgangsins ásamt deildarstjóra sérkennslu. Í flestum tilfellum sitja einnig teymisfundi starfsmaður frá Þjónustumiðstöð Breiðholts, félagsráðgjafi, sérkennsluráðgjafi eða sálfræðingur. Ef nemandi er í vistun á skóladagheimilinu Vínahéimnum, situr fulltrúi þess teymisfundi vegna viðkomandi nemanda. Ráðgjafar frá Sjónarhóli eiga sæti í nokkrum teymum.

Það skal tekið fram hér neðanmáls í heildaráætlun þessari að ljóst er að allt það sem hér hefur verið skráð eru „áætlanir“. Í því felst að skólinn mun kappkosta að vinna eftir megni að því að þessar áætlanir verði að veruleika. Ljóst er hins vegar að það fjármagn sem skólanum er úthlutað til að sinna því hlutverki sem honum ber samkvæmt stefnu Skóla- og frístundasviðs um *Skóla án aðgreiningar*, hefur hingað til engan veginn dugað til að svo megi verða.

Heildaráætlun um stuðning við fatlaða nemendur og/eða nemendur með hegðunar- og geðraskanir í Ölduselsskóla fyrir skólaárið 2015-2016.

Hér er um að ræða nemendur sem hingað til hafa fengið viðbótarúthlutanir vegna greininga.

Skóli: Ölduselsskóli

Skólaár: 2015-2016

Stefna Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar frá 2012 um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur grunnskóla er höfð að leiðarljósi í starfi Ölduselsskóla. Í Ölduselsskóla ríkja þau viðhorf að allir nemendur geti lært, náð bestu mögulegum framförum í námi og að hver nemandi upplifi árangur í námi sínu. Ennfremur er lögð áhersla á rétt hvers nemanda til jákvæðs námsumhverfis og að allir nemendur upplifi öryggi, vellíðan og viðurkenningu. Til þess að svo megi vera er sífellt unnið að því að hámarka úrræði og leita nýrra leiða sem styðja við nám og virka þátttöku allra nemenda.

Nemendur:

Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi nemenda með fötlun og/eða hegðunar- og geðraskanir sem munu þurfa stuðning á skólaárinu 2015-2016 verði að minnsta kosti **26**. Um er að ræða nemendur sem hafa fengið viðbótarúthlutun.

Skipting nemenda eftir fötlunum og skólastigum (í sumum tilfellum getur sami nemandi fallið í fleiri en einn flokk:

Fatlanir	Fjöldi í 1.-4.b.	Fjöldi í 5.-7.b.	Fjöldi í 8.-10.b
Einhverfurófsraskanir	3	3	7
Þroskaskerðing	1	1	5
ADHD eða ADD + viðbótarfötlun	2		10
Golden Har + viðbótarfötlun			2
Sjónskerðing + ADD		1	
Blandnar sért. þroskaraskanir o.fl.		1	3

Einstaklingsnámskrár:

Einstaklingsnámskrár nemenda tengjast bekkjarnámskrám eins og unnt er. Í flestum tilvikum er

Tegund einstaklingsnámskráa	Fjöldi 1.-4.b.	Fjöldi 5.-7.b.	Fjöldi 8.-10.b
Einstaklingsnámskrá vegna námsl.þátta	1	2	5
Einstaklingsnámskrá vegna félagsl. þátta	3	1	4
Einstaklingsnámskrá vegna hvoru tveggja	1	1	4

námsefni bekkjarnámskráa einfaldað og aðlagð nemendum. Stundum er um að ræða einstaklingsnámskrá í einu til þremur fögum en í öðrum fögum fylgi nemandi bekkjarnámskrá.

Fjöldi nemenda með fötlun og/eða hegðunar og geðraskanir sem gert er ráð fyrir að gerðar verði einstaklingsnámskrár fyrir á skólaárinu 2015-2016:

Einstaklingsnámskrár eru unnar af umsjónarkennurum, faggreinakennurum, sérkennurum, þroskaþjálfum eða öðrum kennurum sem koma að hverjum og einum nemanda eftir því sem við á. Deildarstjóri sérkennslu er ábyrgur fyrir að einstaklingsnámskrár séu gerðar og er til samráðs og

ráðgjafar við gerð þeirra.

Foreldrar nemenda fá tillögur að einstaklingsnámskrám til skoðunar og til að gera athugasemdir eða koma með tillögur að breytingum.

Umsjónarkennarar:

Umsjónarkennarar á yngsta og miðstigi skólans ásamt foreldrum axla ábyrgð á námi og skólagöngu allra nemenda sinna. Þeir ásamt deildarstjóra sérkennslu hafa yfirsýn yfir námsframvindu nemenda sem þurfa á sérkennslu eða stuðningi að halda. Enn fremur bera umsjónarkennarar ábyrgð á kennsluaðstæðum og kennsluaðferðum sem nemendum standa til boða.

Kennsla hvers árgangs byggist á samvinnu umsjónarkennara og þeirra stuðningsaðila sem koma að kennslu nemenda sem þurfa á sérkennslu og stuðningi að halda sem og allra annarra nemenda. Umsjónarkennarar árganga eru verkstjórar þeirra starfsmanna sem sinna stuðningi í hverjum árgangi.

Umsjónarkennarar sjá um gerð einstaklingsnámskráa nemenda í samvinnu við aðra kennara, deildarstjóra sérkennslu og/eða þá stuðningsaðila sem fylgja hverjum árgangi.

Á unglíngastigi er ábyrgð á námi og skólagöngu allra nemenda í höndum umsjónarkennara og foreldra en þar er ábyrgðin einnig í höndum sérkennara sem vinna í námsveri á unglíngastigi hvað varðar nemendur sem þurfa á sérkennslu og stuðningi að halda.

Faggreinakennarar á unglíngastigi ásamt sérkennurum sjá um gerð einstaklingsnámskráa fyrir þá nemendur sem víkja á einhvern hátt frá bekkjarnámskrám.

Umsjónarkennarar sitja alla teymisfundi sem boðað er til vegna nemenda sem þeir hafa umsjón með.

Sérkennarar, þroskaþjálfar og aðrir fagaðilar:

Sérkennarar, þroskaþjálfar, viðbótarkennarar og stuðningsfulltrúar taka þátt í undirbúningi að kennslu og þjálfun allra nemenda í þeim árgangi sem þeir fylgja. Sérkennarar, viðbótarkennarar og þroskaþjálfar koma að gerð einstaklingsnámskráa fyrir þá nemendur sem fylgja ekki bekkjarnámskrá eða þurfa á einstaklingsnámskrá að halda vegna félagslegra þátta.

Sérkennarar, viðbótarkennarar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar sitja alla teymisfundi sem boðað er til vegna nemenda sem tilheyra þeim árgangi sem þeir vinna í.

Deildarstjóri sérkennslu hefur yfirumsjón með starfi allra starfsmanna sem annast sérkennslu eða stuðning við nemendur og heldur reglulega fundi með þeim þar sem metið er hvernig til tekst og hvað betur megi fara.

Nýbúakennari sér um sérstaka kennslu í íslensku sem annað mál fyrir þá nemendur sem verst eru settir hvað íslenskuna varðar.

Námsráðgjafi skólans kemur að málum nemenda þegar eftir því er óskað. Hann aðstoðar t.d. þegar upp koma erfiðleikar í tengslum við félagsleg samskipti eða annað sem snertir líðan nemenda. Hann heldur utan um atvinnutengt nám sem í boði er fyrir nemendur í 9. og 10. bekk sem gengur mjög illa að fóta sig í bóklegu námi. Námsráðgjafi situr teymisfundi vegna nemenda ef eftir því er óskað.

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi aðgang að hjúkrunarfræðingi skólans ef á þarf að halda. Hann situr teymisfundi vegna nemenda ef eftir því er óskað.

a. Stuðningur við nemendur í almennum skólastarfi – í almennum bekk

Aðlögun náms- og félagslegra aðstæðna og leiða í námi að þörfum fatlaðra nemenda.

Á yngsta- og miðstigi Ölduselsskóla er litið á hvern árgang sem eina heild þar sem umsjónarkennarar ásamt stuðningsaðilum vinna saman að skipulagi og kennslu allra nemenda. Hver árgangur hefur yfir að ráða einum til tveim viðbótarstarfsmönnum auk umsjónarkennara. Viðbótarstarfsmaðurinn getur verið stuðningsfulltrúi, þroskaþjálfari, sérkennari eða almennur kennari. Þetta er viðhaft til að auðveldara sé að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Skipulag kennsluaðstæðna er yfirleitt á þann veg að árgöngum er skipt upp í fámenna hópa þar sem hver og einn nemandi fær þann stuðning sem hann þarf á að halda í hverju fagi fyrir sig. Hópaavinna, paravinna eða stöðvavinna er algengt skipulag þar sem markmiðið er að hver nemandi fái notið sín sem best. Sjónrænar vísbendingar svo sem sjónrænar stundatöflur eða sjónrænar leiðbeiningar um vinnu verkefna eru fastur hluti af kennsluaðstæðum í flestum árgöngum og nýtast öllum nemendum. Í sumum tilfellum þurfa nemendur einstaklingsmiðaðar sjónrænar vísbendingar og er þess gætt að þeir sem á því þurfa að halda fái þær.

Lögð er áhersla á að allir fatlaðir nemendur Ölduselsskóla sem þurfa á einhverjum stuðningi að halda fái hann inni í bekkjarstofum. Í einstaka tilfellum er nauðsynlegt að vinna einstaklingslega eða í mjög fámennum hópum með nemendur í sér rými þegar um er að ræða þjálfun sem kallar á meira næði en gefst í bekkjarrýmum eða þegar þjálfar þarf sérstaklega þætti sem almennt eru ekki teknir fyrir hjá öllum jafnaaldrahópnum. Í langflestum tilfellum er slíkt rými innan svæða bekkjarstofa en námsver á unglíngastigi er sérstakt svæði sem ekki er á svæði faggreinastofa á unglíngastigi.

Í unglíngadeild er gert ráð fyrir að tveir sérkennarar annist sérkennslu og/eða stuðningi við þá nemendur sem á þurfa að halda. Stuðningurinn fer fram ýmist inni í bekkjarstofum eða í litlum hópum í námsveri skólans.

Mikil áhersla er lögð á fjölbreyttar verk- og listgreinar fyrir nemendur í Ölduselsskóla. Um það bil þriðjungur námsins í unglíngadeildum byggist á valgreinum þar sem vægi verk- og listgreina er mikið. Nemendur sem eiga í erfiðleikum með bóklegt nám hafa þá tök á að velja sér verklegar greinar í stað bóklegra.

Gert er ráð fyrir að nokkrir nemendur sem eru með fatlanir, tilfinninga- og/eða hegðunarerfiðleika fái aukatíma í myndlist hjá verk- og listgreinakennara. Um er að ræða mjög litla hópa þriggja til sex nemenda. Þetta úrræði hefur staðið til boða í nokkur ár en markmiðið með því er að reyna að bæta líðan nemenda og jafnframt að þeir fái þjálfun í sköpun og verklegri færni.

Á vegum Þjónustumiðstöðvar Breiðholts er kvíðaskimun lögð fyrir nemendur í 9. bekk á hverju skólaári. Þeim nemendum sem ná viðmiðum varðandi kvíða og/eða depurð er boðið að taka þátt í HAM námskeiðum sem haldin eru á vegum Þjónustumiðstöðvarinnar.

Í Ölduselsskóla er áhersla lögð á að nýta tölvutækni í náminu. Borðtölvur, fartölvur og spjaldtölvur eru góð hjálpartæki fyrir nemendur með fatlanir af ýmsu tagi og nýtast vel þegar kemur að sérhæfðri þjálfun t.d. í lestri, ritun og stærðfræði.

Gera má ráð fyrir að fjöldi fatlaðra nemenda sem að einhverju leyti þurfa sérstaka aðlögun aðstæðna og/eða leiða í almennum bekk eftir aldurstigum verði eftirfarandi á skólaárinu 2015-2016 (sami nemandi getur fallið í fleiri en einn fötlunarflokk):

Fatlanir	1.-4.bekkur	5.-7.bekkur	8.-10.bekkur
Einhverfuróf	3	2	4
Þroskaskerðing	1	1	5
ADHD eða ADD + annað	1		9
Golden Har + annað			2
Sjónskerðing			
Blandnar sért. þroskask. o.fl.		1	3

Aðlögun námsefnis.

Einstaklingsmiðað nám er haft að leiðarljósi í Ölduselsskóla sem og hugmyndafræði skóla án aðgreiningar. Leitast er við að hafa sveigjanlegt skólastarf og fjölbreytta kennsluhætti til að koma sem best til móts við þarfir allra nemenda. Einnig er leitast við að aðlaga námsefni að færni og getu nemenda og jafnframt farnar fjölbreyttar leiðir við mat á námsárangri.

Námsefni og námsmat er aðlagað að öllum nemendum sem víkja frá bekkjarnámskrám og sjá umsjónarkennarar, faggreinakennarar og sérkennarar um gerð einstaklingsnámskráa þegar um slíkt er að ræða.

Nokkrir nemendur á unglíngastigi sækja tíma í ákveðnum námsgreinum hjá sérkennurum í námsveri. Er þar um að ræða nemendur sem geta ekki fylgst bekkjarnámskrám í þeim námsgreinum. Í námsverinu er námsefni aðlagað og einstaklingsmiðað að þörfum hvers og eins.

Til að meta þörf fyrir sérstakan stuðning eða sérkennslu er hliðsjón höfð af þeim greiningum sem fyrir liggja vegna viðkomandi nemenda. Einnig eru ýmsar skimanir lagðar reglubundið fyrir alla árganga skólans til að meta stöðu nemenda og þörf fyrir stuðning eða sérkennslu. Eins og fram kemur í *Aðalnámskrá grunnskóla*, almenna hlutanum frá 2011 (bls.58):... *geta stöðluð próf og skimanir spáð fyrir um hugsanlega námsörðugleika. Hægt er að greina erfiðleika snemma á skólagöngunni og auka líkur á að hægt verði að ráða bót á með því að veita inn grip í formi skipulegra aðgerða. Á þetta við um fatlaða nemendur sem og aðra.*

Niðurstöður úr skimunum og stöðluðum prófum eru ræddar af viðkomandi kennurum, stuðningsfólki, deildarstjóra sérkennslu og aðstoðarskólastjóra. Skipulag kennslu og stuðnings í hverjum árgangi tekur m.a. mið af niðurstöðunum enn fremur aðlögun námsefnis og leiðir í námi. Upplýsingum um niðurstöður hjá hverjum nemenda er komið á framfæri við foreldra á fundum eða í foreldraviðtölum.

Eins og fyrr segir fá nemendur einstaklingsnámskrá ef þeir víkja umtalsvert frá bekkjarnámskrá. Í sumum tilfellum er námsefni bekkjarins í einstökum greinum einfaldað og aðlagað viðkomandi nemanda. Í sumum tilfellum er útvegað annað námsefni sem hentar viðkomandi nemanda betur miðað við þroskastöðu, getu og færni.

Umsjónarkennari ber ábyrgð á námi og námsframvindu nemenda sinna og honum ber að leita eftir viðunandi þjónustu fyrir þá.

Skimanir og stöðluð eða samræmd próf sem m.a. eru lögð til grundvallar þegar stuðningsþörf nemenda í Ölduselsskóla er metin eru eftirfarandi:

- **Hljóm** (lagt fyrir í leikskóla)
- **Tove Krogh** teikniþróf – 1.bekk

- **BOEHM** hugtakapróf – 1.bekk
- **LÆSI**-lestraraskimun (5 próf) – 1. og 2.bekk
- **Lesmál** mat á lestri og réttiritun 2.bekkur
- **Talnalykill** stærðfræðiskimun – 3.bekkur
- **LH60** lestrarhæfnipróf – 3.bekkur
- **Orðarún** mat á lesskilningi lagt fyrir 3., 4. og 8.bekk að hausti og vori
- **Aston Index** stafsetning – 2.,3.,4.,6. og 7.bekkur
- **GRP10** greinandi ritmálspróf fyrir 10 ára nemendur - stafsetning – 5.bekkur
- **LH40** lestrarhæfnipróf – 5.bekkur
- **GRP14h** greinandi ritmálspróf fyrir 14 ára nemendur – 9.bekkur
- **Samræmd könnunarpróf** íslenska og stærðfræði – 4. og 7.bekkur
- **Samræmd könnunarpróf** íslenska, stærðfræði og enska – 10.bekkur

Til að meta málþroska einstakra nemenda er lagt fyrir þá málþroskaprófið **TOLD-2P** eða **TOLD-2I**. Þegar niðurstöður liggja fyrir er gerð áætlun um aðgerðir eða hugsanlegan stuðning til að efla málþroska ef þörf krefur.

Ef grunur er um að nemandi sé með dyslexíu (lesblindu) er **LOGOS lestrargreiningarprófið** lagt fyrir viðkomandi til að meta það. Í kjölfarið er gerð áætlun um sérstakan stuðning fyrir þá nemendur sem greinast með dyslexíu ásamt tillögum fyrir foreldra um lestrarþjálfun heima.

Áætlað er að fjöldi fatlaðra nemenda sem þurfi aðlagð námsefni eftir aldurstigum og fötlunum verði skólaárið 2015-2016 (sami nemandi getur fallið í fleiri en einn fötlunarflokk):

Fatlanir	1.-4.bekkur	5.-7.bekkur	8.-10.bekkur
Einhverfuróf	2	1	4
Proskaskerðing	1	1	5
ADHD eða ADD + annað		2	5
Golden Har + annað			2
Blandnar sért. þroskar. o.fl.		1	3

Námsstuðningur inni í bekk.

Ekki er unnt að tilgreina heildarfjölda nemenda sem fá námsstuðning inni í bekkjum. Þeir viðbótarstarfsmenn sem fylgja árgöngum nýtast öllum nemendum og reynt er að veita öllum þann stuðning sem þeir þurfa á að halda. Þörf fyrir námsstuðning getur verið misjöfn hjá hverjum nemanda eftir námsgreinum eða námsþáttum sem unnið er með hverju sinni.

Þeir sem sinna námsstuðningnum eru því bæði kennarar og stuðningsaðilar sem koma að hverjum árgangi.

Umsjónarkennarar og/eða faggreinakennarar, deildarstjóri sérkennslu ásamt þeim stuðningsaðilum sem fylgja hverjum árgangi vinna saman að skipulagi stuðningskennslunnar.

Umsjónarkennarar og faggreinakennarar eru verkstjórar í bekkjastofum og bera ábyrgð á því að hver nemandi fái þann námsstuðning sem þörf er á hverju sinni.

Frá skólaárinu 2011-2012 hefur einn kennari skólans gegnt stöðu sérstaks verkefnastjóra í stærðfræði í 4.-7.bekk Ölduselsskóla. Gert er ráð fyrir áframhaldi á þessu skólaárið 2015-2016. Markmiðið er að mæta mismunandi þörfum nemenda í stærðfræði. Verkefnastjóri kemur inn í umrædda árganga sem viðbótaskennari í stærðfræði auk þess að hafa yfirumsjón með stærðfræðikennslunni í hverjum árgangi. Með þessu fyrirkomulagi er unnt að skipta árgöngum upp í minni einingar þannig að auðveldara er að koma til móts við þarfir allra nemenda.

Á skólaárinu 2015-2016 er áætlað að á miðstigi skólans (5.-7.bekk) komi einn viðbótaskennari, og

Þroskaþjálfari að sérkennslu og stuðning fyrir þá nemendur sem á þurfa að halda. Gert er ráð fyrir að viðbótarkennarinn sinni sérstakri lestrarþjálfun og kennslu í íslenskunámsefninu. Þroskaþjálfari kemur að félagsfærniþjálfun ásamt stuðningi við nám nemenda eftir því sem þurfa þykir.

Félagslegur stuðningur og stuðningur til virkni og þátttöku í samvinnu og hópstarfi.

Til að fylgjast með félagslegri stöðu og samskiptum nemenda leggja kennarar tengslakannanir fyrir bekkji og/eða árganga. Í ljósi niðurstaðna úr þeim eru gerðar áætlanir um það hvernig efla megi félagsleg tengsl nemenda ef þörf krefur. Enn fremur eru niðurstöður úr nemendakönnunum Skólaláttamálsins fyrir 6.-10. bekk, hvað varðar líðan og samskipti, skoðaðar til að meta stöðuna og gera umbótaáætlanir í þessum efnum.

Til að þjálfa félagsfærni nemenda eru bekkjarfundir á yngri stigum og lífsleiknitímar á unglingastigi fastir á stundatöflum þar sem markvisst er unnið með samskipti og félagsfærni nemenda. Þetta er gert til að fyrirbyggja einelti og efla félagsþroska allra nemenda. Enn fremur er unnið með *Stig af stigi* námsefnið á yngsta aldurstigi skólans. Félagsfærnisögur eru liður í félagsfærniþjálfun nemenda og eru þær notaðar fyrir þá nemendur sem illa gengur að fóta sig í félagslegum samskiptum.

Í Ölduselsskóla er lögð áhersla á tjáningu og framkomu nemenda. Leiklistarkennari er við skólann til að efla þann þátt skólustarfsins enn frekar. Í unglingadeild er leiklist ein af valgreinunum og hefur nemendum gefist kostur á þátttöku í uppsetningum á söngleikjum þar sem fram fer samþætting leik- og tónlistarkennslu. Gert er ráð fyrir að svo verði áfram skólaárið 2015-2016. Enn fremur hefur nemendum sem leika á hljóðfæri gefist kostur á að vera í samspili undir handleiðslu tónmenntakennara skólans.

Ölduselsskóli er Olweusarskóli og er starfað samkvæmt ákveðnum ferlum hvað varðar einelti.

Til að stuðla að bættum félagslegum samskiptum nemenda á yngsta stigi taka nemendur í 7. bekk þátt í verkefninu *Skólavinir*. En þá eru sex nemendur (*skólavinir*) úr árganginum úti í frímínútum í einu á leiksvæði 1. og 2. bekkjar. Þeir vinna saman tveir og tveir og hlutverk þeirra er að taka þátt í og stjórna leikjum nemenda í frímínútum og fá sem flesta með. Skólaavinir ganga um lóð skólans og spjalla við nemendur sem virðast afskiptir og einmana og láta starfsfólk á útivakt vita ef upp kemur ágreiningur eða vandamál meðal nemenda. Ef nemendur á yngri stigum þurfa á stuðningi í félagsfærni að halda fylgja stuðningsaðilar viðkomandi árganga þeim út í frímínútur til að hjálpa þeim við samskipti í leik. Að sama skapi fá nemendur sem þess þurfa stuðning við daglegar athafnir svo sem í matsal, búningaklefum eða þar sem þörf er á slíku.

Tveir kennarar Ölduselsskóla ásamt aðstoðarskólustjóra hafa lokið námskeiði í ART (Agression replacement training) sem kennir leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda og nýtur skólinn góðs af því þegar þarf að vinna með nemendur sem glíma við þennan vanda.

Ætla má að fjöldi fatlaðra nemenda sem þurfa félagslegan stuðning og stuðning til virkni og þátttöku inni í bekk verði á skólaárinu 2015-2016, eftir aldurstigum og fötlunum (sami nemandi getur fallið í fleiri en einn fötlunarflokk):

Fatlanir	1.-4. bekkur	5.-7. bekkur	8.-10. bekkur
Einhverfuróf	3	3	7
Þroskaskerðing	1	1	5
ADHD eða ADD + annað	1	2	8
Golden Har + annað			2
Blandnar sért. þroskar. o.fl.		1	3

Stuðningur við athafnir daglegs lífs og umönnun í skólanum.

Af þeim nemendum í Ölduselsskóla sem fá viðbótarúthlutanir er gert ráð fyrir að sex til sjö þurfi einhvern stuðning við athafnir daglegs lífs og umönnun á skólaárinu 2015-2016. Stuðningurinn felst í því að viðkomandi nemendur þurfa fylgd nánast allan skóladaginn og sumir þeirra þjálfun í athöfnum daglegs lífs svo sem salernisþjálfun, þjálfun við klæðnað í búningasklefum og þjálfun í matsal.

Gert er ráð fyrir að fjöldi fatlaðra nemenda sem þurfa að njóta stuðnings við athafnir daglegs lífs og umönnun verði á skólaárinu 2015-2016, eftir fötlunum og aldurstigum:

Fatlanir	1.-4.bekkur	5.-7.bekkur	8.-10.bekkur
Einhverfuróf	2		2
Proskaskerðing	1		
ADHD eða ADD + annað	1		
Golden Har + annað			1
Blandnar sért. þroskar. o.fl.			

a. Ráðgjafar- og stuðningsþjónusta í skólanum (Námsver/sérkennsluver)

Skipulag og starfshættir:

Í Ölduselsskóla er starfandi deildarstjóri sérkennslu í 100% stjórnunarstöðu. Samkvæmt stefnu Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum, frá október 2012, er það hlutverk deildarstjóra að hafa yfirsýn yfir alla stuðningskennslu fyrir nemendur skólans og vera til samráðs og ráðgjafar fyrir alla starfsmenn og foreldra varðandi þann málaflokk.

Það er enn fremur á höndum deildarstjóra sérkennslu í Ölduselsskóla að:

- Gera áætlun um heildarskipulag stuðnings- og þjónustu við nemendur í samvinnu við aðra skólástjórnendur og nemendaverndarráð.
- Vera ráðgjafandi um samstarf og teymisvinnu kennara og starfsfólks vegna námshópa þar sem eru nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda.
- Hafa umsjón og bera ábyrgð á teyimum sem stofnuð eru vegna nemenda sem þurfa á stuðningi að halda. Enn fremur að boða til teymisfunda, sitja teymisfundi og skrá fundargerðir sem geymdar eru í persónumöppum viðkomandi nemenda.
- Fylgja því eftir að gerðar séu einstaklingsnámskrár og þær endurskoðaðar.
- Hafa umsjón með skipulagi og framkvæmd náms-, félags- og hegðunarlegs stuðnings við einstaka nemendur eða nemendahópa innan almenns námsumhverfis.
- Hafa umsjón með skipulagi og framkvæmd náms-, félags- og hegðunarlegs stuðnings við einstaka nemendur eða nemendahópa sem þurfa við ákveðnar aðstæður sérhæft umhverfi utan almenns námsumhverfis.
- Halda utan um sérhæfð kennslugögn og búnað.
- Hafa umsjón með skimunum og prófum sem lögð eru reglulega fyrir árganga, sjá um úrvinnslu úr þeim og koma niðurstöðum til skila.
- Leggja sérhæfð próf eða greiningar fyrir nemendur sem þess þurfa.

Aðrir fagaðilar sem gert er ráð fyrir að komi að kennslu og umönnun fatlaðra nemenda og/eða nemenda með hegðunar-og geðraskanir skólaárið 2015-2016:

Starfsheiti	Starfshlutfall	Fjöldi
Þroskaþjálfari	100%	2
Stuðningsfulltrúi	75%	4
Sérkennari	100%	2
Viðbótarkennari	100%	2
Talkennari	17,1%	1
Nýbúakennari	50%	1

Sérkennsla:

Áherslur í sérkennslu er þær að hver og einn nemandi fær kennslu eða þjálfun í þeim verkefnum sem honum gengur illa að vinna sjálfstætt við eða í samvinnu við aðra nemendur.

Félagsfærniþjálfun er stór þáttur í þjálfun flestra fötluðu nemendanna og fer hún fram bæði innan og utan bekkjarstofa.

Deildarstjóri sérkennslu í Ölduselsskóla er öllum starfsmönnum skólans til ráðgjafar vegna nemenda sem þurfa á stuðningi eða sérkennslu að halda. Hann hefur yfirumsjón með skimunum og stöðluðum prófum sem lögð eru fyrir nemendur. Hann fundar með starfsfólki hvers árgangs um niðurstöðurnar þar sem lagt er á ráðin varðandi skipulag stuðnings og sérkennslu innan árgangsins.

Hver árgangur á yngsta- og miðstigi skólans hefur yfir að ráða auk umsjónarkennara stuðningsfulltrúa, þroskaþjálfara, sérkennara og/eða viðbótarkennara og er lögð áhersla á samstarf og samábyrgð allra sem koma að kennslu og þjálfun allra nemenda árgangsins.

Í Ölduselsskóla er starfrækt námsver á unglíngastigi og er gert ráð fyrir að skólaárið 2015-2016 verði tveir kennarar starfandi þar í fullu starfi ásamt stuðningsfulltrúa. Sérkennslan fer fram ýmist inni í almennu námsumhverfi nemenda eða í námsveri í litlum hópum eða einstaklingslega.

Talkennari er við skólann í 17,1% stöðuhlutfalli. Hann kemur einn dag hálfsmánaðarlega í skólann og sinnir nemendum sem eru með framburðargalla og einnig skimar hann alla nemendur 1.bekkjara að hausti vegna hugsanlegra framburðargalla.

Nýbúaver er starfrækt í Ölduselsskóla og er gert ráð fyrir að einn kennari starfi þar í hlutastöðu skólaárið 2015-2016 og sjái hann um kennslu á íslensku fyrir þá nemendur sem verst eru settir hvað varðar íslensku sem annað mál.

Skólaárið 2015-2016 er gert ráð fyrir að hefjist sérstakt átak til að efla læsi nemenda í leik- og grunnskólum í Breiðholti undir heitinu *Læsi allra mál*. Átak þetta er samvinnuverkefni allra skólanna í Breiðholti ásamt þjónustumiðstöð Breiðholts.

Gert er ráð fyrir að fjöldi fatlaðra nemenda sem eru með viðbótarúthlutanir og fá sérkennslu, innan bekkjar á skólaárinu 2015-2016 verði, eftir fötlunum og aldursstigum:

Fatlanir	Fjöldi í 1.-4.b.	Fjöldi í 5.-7.b.	Fjöldi í 8.-10.b
Einhverfurófsraskanir +önnur ftl.	1	2	
Þroskaskerðing +önnur fötlun			
Golden Har + viðbótarfötlun			1
Blandnar sért. þroskar. o.fl.			1

Gert er ráð fyrir að fjöldi fatlaðra nemenda sem eru með viðbótarúthlutanir og fá sérkennslu bæði utan og innan bekkjar verði á skólaárinu 2015-2016, eftir fötlunum og aldurstigum:

Fatlanir	Fjöldi í 1.-4.b.	Fjöldi í 5.-7.b.	Fjöldi í 8.-10.b
Einhverfurófsraskanir +önnur ftl.	3	1	4
Þroskaskerðing +önnur fötlun	1	1	3
Golden Har + viðbótarfötlun			1
Blandnar sért.þroskar. o.fl.		1	3

Ráðgjöf:

Ásamt deildarstjóra sérkennslu í Ölduselsskóla er sérkennsluráðgjafi frá Þjónustumiðstöð Breiðholts ráðgefandi aðili varðandi kennsluaðstæður, kennsluaðferðir eða annað er varðar nemendur sem þurfa á stuðningi að halda vegna fötlunar, hegðunarvanda, félagslegra erfiðleika eða annars. Starfsfólk skólans getur sótt um að fá sérkennsluráðgjafa til að koma inn í bekki og fylgjast með nemendum í aðstæðum til að geta síðan fengið ráð varðandi málefni einstakra nemenda. Sérkennsluráðgjafi sér um eftirfylgd með hluta nemenda sem hafa fengið greiningar á vegum Þjónustumiðstöðvar Breiðholts eða annarra stofnanna og situr teymisfundi sem boðað er til ef þess er óskað.

Námsráðgjafi skólans kemur að málum nemenda þegar eftir því er óskað. Hann aðstoðar nemendur með skipulagningu á námi sínu ef þeir þurfa á því að halda. Hann aðstoðar einnig þegar upp koma erfiðleikar í tengslum við félagsleg samskipti eða annað sem snertir líðan nemenda. Námsráðgjafi situr teymisfundi vegna einstakra nemenda sé þess óskað.

Talmeinafræðingur á vegum Þjónustumiðstöðvar Breiðholts er ráðgefandi aðili varðandi nemendur sem eru með málþroskaraskanir. Hann kemur í skólann og athugar nemendur ef þörf er á og vinnur með nemendur í afmarkaðan tíma til að geta síðan gefið kennurum, stuðningsaðilum og foreldrum ráð varðandi málörvun eða talþjálfun.

Sálfræðingar Þjónustumiðstöðvar Breiðholts sjá um greiningar á nemendum þegar þess er óskað. Þeir eru einnig ráðgefandi varðandi nám, kennslu og annað sem snertir nemendur. Kennarar og foreldrar geta óskað eftir aðkomu þeirra að málum einstakra nemenda. Þeir sitja teymisfundi vegna nemenda ef eftir því er óskað.

Ölduselsskóli er í samstarfi við ýmsa aðra ráðgjafa og sérfræðinga utan skólans og má þar nefna: Sjónarhól, Skólaselið Keilufelli, Brúarskóla, Brúarsel, Klettaskóla, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, BUGL og Barnavernd Reykjavíkur. Starfsfólk Ölduselsskóla situr fundi sem boðað er til vegna einstakra nemenda á þessum stofnunum.

Teymi og samstarf:

Gert er ráð fyrir að á skólaárinu 2015-2016 verði fjöldi teyma og teymisfunda vegna fatlaðra nemenda og nemenda með hegðunar- og geðraskanir, sem fá viðbótarúthlutun eftirfarandi:

Fjöldi teyma	19
Fjöldi teymisfunda	50

Teymisfundir vegna fatlaðra nemenda og nemenda með hegðunar- og geðraskanir voru á skólaárinu 2014-2015 alls **47**. Mismunandi var hversu oft teymisfundir voru haldnir vegna hvers nemanda yfir skólaárið. Þessi fundafjöldi er svipaður og verið hefur undanfarin skólaár og er gert

ráð fyrir svipuðum fjölda á næsta skólaári 2015-2016.

Teymisfundi sitja auk foreldra eða forráðamanna viðkomandi nemenda, umsjónarkennari, stuðningsaðili og aðrir kennarar árgangsins ásamt deildarstjóra sérkennslu. Í flestum tilfellum sitja einnig teymisfundi starfsmaður frá Þjónustumiðstöð Breiðholts, félagsráðgjafi, sérkennsluráðgjafi eða sálfræðingur. Ef nemandi er í vistun á skóladagheimilinu Vínahéim, situr fulltrúi þess teymisfundi vegna viðkomandi nemanda. Ráðgjafar frá Sjónarhóli eiga sæti í nokkrum teymum.

Það skal tekið fram hér neðanmáls í heildaráætlun þessari að ljóst er að allt það sem hér hefur verið skráð eru „áætlanir“. Í því felst að skólinn mun kappkosta að vinna eftir megni að því að þessar áætlanir verði að veruleika. Ljóst er hins vegar að það fjármagn sem skólanum er úthlutað til að sinna því hlutverki sem honum ber samkvæmt stefnu Skóla- og frístundasviðs um *Skóla án aðgreiningar*, hefur hingað til engan veginn dugað til að svo megi verða.

9.5 Tilfærsluáætlun

Ekki er til í skólanum sérstök tilfærsluáætlun. Þegar nemendur sem eru með greindan vanda skipta um skóla, leggur skólinn áherslu á að koma upplýsingum til skila til viðtökuskóla með samþykki foreldra. Í sumum tilfellum eru skilafundir með viðtökuskóla, Ölduselsskóla og foreldrum þar sem upplýsingum er komið á framfæri varðandi nemendur.

Að sama skapi þegar skólinn tekur á móti nýjum nemendum er alltaf aflað upplýsinga með leyfi foreldra frá þeim skóla sem nemandinn var síðast í. Ef skólinn metur það svo að mikilvægt sé að fara yfir málefni nemandans á fundi með foreldrum og fagaðilum þá er það gert.

9.6 Einstaklingsáætlun/einstaklingsnámskrá

Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir alla þá nemendur sem fylgja ekki almennum námsáætlunum bekkja í einstökum fögum.

Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þá nemendur sem ekki fylgja bekkjarnámskrám eða þurfa sérstakar námskrár t.d. í félagsfærni.

9.7 Nemendaverndarráð

9.7.1 Hlutverk

Hlutverk nemendaverndarráðs Ölduselsskóla er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur í heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu. Í nemendaverndarráði skólans eiga sæti skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri sérkennslu, námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur, skólasálfræðingur, sérkennsluráðgjafi og félagsráðgjafi frá Þjónustumiðstöð Breiðholts.

Nemendaverndarráð kemur saman vikulega á starfstíma skólans. Umsjónarkennarar mæta á fundi nemendaverndarráðs ef þörf krefur þegar fjallað er um mál einstakra nemenda í þeirra umsjónarbekk.

9.7.2 Starfsreglur

Ekki eru fyrir hendi formlegar og skráðar starfsreglur nemendaverndarráðs en föst hefð hefur skapast í skólanum hvernig unnið er. Fundargerðir nemendaverndarráðs skipa mikilvægan sess þar sem í byrjun hvers fundar er farið yfir fundargerð fyrri fundar til að tryggja að málefni sem þar hafa verið borin upp hafi komist í réttan farveg og farið yfir gang mála. Þegar kennari hefur áhyggjur af málefnum nemenda og telur vanda hans meiri en svo að hefðbundnar aðgerðir skólans dugi til og mikilvægt sé að fá ráðgjöf, stuðning eða önnur úrræði, vísar hann málinu til nemendaverndarráðs. Fundarmenn leggja á ráðin um hver sé rétta leiðin í máli nemandans og vísa þá máli hans áfram til sérfræðiþjónustu, eða málinu komið í farveg sem miðast við að vera lausnarmiðaður. Foreldrar geta einnig óskað eftir að mál nemenda séu tekin fyrir hjá nemendaverndarráði. Í slíkum tilvikum er það kennari, skólastjórnandi, eða deildarstjóri sérkennslu sem bera málefni nemenda upp á nemendaverndarráðsfundum fyrir hönd foreldra.

9.8 Skólaheilsugæsla/viðvera hjúkrunarfræðings

Viðvera hjúkrunarfræðings er alla daga frá 8:10 til 12:00. Auk þess er hjúkrunarfræðingur með lengri viðveru á miðvikudögum eða frá 8:10 til 16:00.

9.8.1 Hlutverk og verkefni skólaheilsugæslu

Markmið heilsuverndar skólabarna er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsemi hennar er samkvæmt lögum, reglugerðum og tilmælum Landlæknis. Í henni felast skimanir, viðtöl um lífsstíl og líðan, bólusetningar og heilbrigðisfræðsla, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans. Sjá nánar á www.6h.is. Ekki er ætlast til að óhöppum sem gerast utan skólatíma sé sinnt af skólahjúkrunarfræðingi.

Heilsuvernd skólans heyrir undir Heilsugæsluna í Mjódd og þar eru einnig starfandi skólalæknar.

9.8.2 Skipulag og þjónusta við nemendur

Starfsemi heilsuverndar barna eftir árgöngum:

1. bekkur:

- Skimanir: Hæð, þyngd, sjón og heyrn
- Viðtöl um lífsstíl og líðan: Hollusta, hreyfing, hreinlæti, hvíld og hamingja
- Heilbrigðisfræðsla: Hamingja/líkaminn minn, hollusta, tannvernd, handþvottur, slysavarnir
- Bólusetningar fyrir þau börn sem ekki eru að fullu bólusett við grunnskólagöngu.

2. bekkur:

- Heilbrigðisfræðsla: Svefn og hamingja,

3. bekkur

- Heilbrigðisfræðsla: Hollusta og hreyfing

4. bekkur

- Skimanir: Hæð, þyngd, og sjón
- Viðtöl um lífsstíl og líðan: Hollusta, hreyfing, hreinlæti, hvíld og hamingja
- Heilbrigðisfræðsla: Hamingja, sjálfsmynd, tannvernd og slysavarnir,

5. bekkur

- Heilbrigðisfræðsla: Hamingja, samskipti, hollusta og hreyfing

6. bekkur

- Heilbrigðisfræðsla: Kynþroski

7. bekkur

- Skimanir: Hæð, þyngd, sjón og athugun á litaskyni
- Viðtöl um lífsstíl og líðan: Hollusta, hreyfing, hreinlæti, hvíld og hamingja
- Bólusetningar: Mislingar, hettusótt og rauðir hundar (ein sprauta) og leghálskrabbamein (HPV) fyrir stúlkur

- Heilbrigðisfræðsla: Hugrekki og tannvernd

8. bekkur

- Heilbrigðisfræðsla: Hollusta, hreyfing og hugrekki

9. bekkur

- Skimanir: Hæð, þyngd og sjón
- Viðtöl um lífsstíl og líðan: Hollusta, hreyfing, hreinlæti, hvíld og hamingja
- Bólusetningar: Mænusótt, barnaveiki, stífkrampi og kíghósti (ein sprauta)
- Heilbrigðisfræðsla: Kynheilbrigði

10. bekkur

- Heilbrigðisfræðsla: Kynning á heilsugæslunni

9.9 Talþjálfun (þátttaka Sjúkratrygginga Íslands)

Talkennari kemur í skólann á tveggja vikna fresti. Hann þjálfar nemendur sem eru með framburðargalla og gefur þeim, kennurum og foreldrum leiðbeiningar um frekari þjálfun varðandi framburð ef þörf er á því. Ennfremur skimar hann alla nemendur í 1.bekk með tilliti til framburðargalla. Unnið er að því að móta samstarf við talmeinafræðing á Þjónustumiðstöð Breiðholts um þá nemendur í Ölduselsskóla sem glíma við málþroskaraskanir.

9.10 Náms- og starfsráðgjöf/viðvera námsráðgjafa

Námsráðgjafi styður við nemendur og liðsinnir þeim í málum er snerta nám þeirra. Hann vinnur í nánú samstarfi við foreldra og umsjónarkennara eftir því sem við á. Hann situr fundi nemendaverndarráðs skólans og hefur samráð og samstarf við aðra sérfræðinga innan og/eða utan skólans og vísar málum nemenda til þeirra eftir því sem við á.

9.11 Sjúkrakennsla

Eins og kemur fram í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 17. gr. eiga þeir nemendur sem að mati læknis geta ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda, rétt til sjúkrakennslu annaðhvort á heimili sínu eða á sjúkrastofnun.

Í aðalnámskrá kemur fram að sjúkrakennsla tekur ekki til tilfallandi veikinda nemenda sem standa skemur en viku. Eðlilegt er, sé þess nokkur kostur, að skólar nýti upplýsingatækni og fjarnám fyrir þessa nemendur til þess m.a. að þeir geti stundað nám sitt eftir bestu föngum og haldið tengslum við skóla og vini.

9.12 Nemendur með annað móðurmál en íslensku

9.12.1 Móttökuáætlun

Ekki er til skráð móttökuáætlun fyrir íslenska nemendur í Ölduselsskóla. Hins vegar er hefð fyrir því hvernig nemendur eru teknir inn í skólann. Þegar umsókn hefur borist í gegnum vef Reykjavíkurborgar Rafræna Reykjavík, fer skólastjórnandi yfir umsóknina og hefur samband við foreldri umsækjandans /barnsins helst innan viku eftir að umsókn hefur borist.

Þar upplýsir stjórnandi foreldrið um hvort skólinn geti tekið við barninu, fer yfir umsóknina með foreldri og aflar eftir þörfum frekari upplýsinga um barnið frá fyrrverandi skóla/leikskóla. Í framhaldi af því er ákveðið hvort skólinn þurfi að fá formlegan fund með fráfarandi skóla til að allar upplýsingar komist til skila. Skólinn í samvinnu við foreldrafélag skólans býður nýjum nemendum og foreldrum þeirra eða forráðamönnum á kynningarfund skömmu fyrir skólabyrjun á haustin. Þar er kynning á starfsemi skólans, foreldrafélagi skólans, frístundaheimilinu og þeirri starfsemi sem fram fer í hverfinu í þágu barna og unglinga. Eldri nemendur veita leiðsögn um skólann og boðið er upp á veitingar.

Ef að barn byrjar í skólanum eftir að formleg byrjun að hausti er hafin er fundað með foreldrum og umsjónarkennara til að koma upplýsingum til skila um skólstarfið, stundaskrá afhent skóladagatal, skólareglur og almennar upplýsingar um skólstarf og leiðsögn um skólahúsnæði.

Þegar barn af erlendum uppruna innritast í skólann þá er stuðst við formlega móttökuáætlun um hvernig skólinn ber sig að. Foreldrar eru boðaðir á fund ásamt tülki til að koma upplýsingum milli aðila til skila. Sjá kafla 14. Ýmsar áætlanir /móttökuáætlun.

Eftir að barn sem er nýbyrjað í skólanum hefur verið í skólanum um þrjár til fjórar vikur, kallar námsráðgjafi það til sín til að kanna hvernig barninu líður og hvort það sé sátt í skólanum. Ef námsráðgjafi metur það svo að barninu líði ekki nægilega vel er gripið til viðeigandi aðgerða.

9.13 Tülkaþjónusta

Eins og kemur fram í Lögum um grunnskóla, (2008) þá skal skóli leitast við að tryggja túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla þegar í hlut eiga foreldrar sem ekki tala íslensku eða nota táknmál. Ölduselsskóli reynir af fremsta megni að tryggja túlkun upplýsinga til foreldra sem tala annað móðurmál en íslensku á mikilvægum fræðslu eða kynningarfundum eins og foreldrafundum þar sem mál nemanda er tekið fyrir.

